

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 4/2003

frá 31. janúar 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2002 frá 1. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/42/EB frá 17. maí 2002 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE varðandi hámarks magn varnarefnaleifa (bentasón og pírydat) í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽²⁾, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 39 skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB frá 18. júlí 2002 um merkingu matvæla, sem innihalda kíín, og matvæla sem innihalda kaffín ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 38, 13.2.2003, bls. 16 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 134, 22.5.2002, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 191, 19.7.2002, bls. 20.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XII. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

„- **32002 L 0042:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/42/EB frá 17. maí 2002 (Stjtið. EB L 134, 22.5.2002, bls. 29), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB 140, 30.5.2002, bls. 39.“

2. Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 54zy (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2002):

„54zz. **32002 L 0063:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE (Stjtið. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30).

54zza. **32002 L 0067:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB frá 18. júlí 2002 um merkingu matvæla, sem innihalda kínín, og matvæla sem innihalda kaffín (Stjtið. EB L 191, 19.7.2002, bls. 20).“

3. Texti 20. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 79/700/EBE) falli brott.

2. gr.

Texti tilskipana 2002/42/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB 140, 30.5.2002, bls. 39, 2002/63/EB og 2002/67/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann